

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 76/2005

frá 10. júní 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB frá 14. október 2004 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 72/245/EBE um rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum og um breytingu á tilskipun 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 56, 2.3.2005, bls. 35.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE):
„- **32004 L 0104**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB frá 14. október 2004 (Stjtið. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 56, 2.3.2005, bls. 35.“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið (tilskipun ráðsins 72/245/EBE):
„- **32004 L 0104**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB frá 14. október 2004 (Stjtið. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 56, 2.3.2005, bls. 35.“
3. Eftirfarandi aðlögunartexti bætist við í 11. lið (tilskipun ráðsins 72/245/EBE):
„Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
„Í I. viðauka bætist eftirfarandi við í lið 5.2:
„IS fyrir Ísland
FL fyrir Liechtenstein

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13.

16 fyrir Noreg“““““

4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45ze (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/90/EB):

„45zf. **32004 L 0104**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB frá 14. október 2004 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 72/245/EBE um rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum og um breytingu á tilskipun 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (Stjtíð. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 56, 2.3.2005, bls. 35.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/104/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 56, 2.3.2005, bls. 35, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.